

L Ö G

15
17. febr.

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Staflíður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands, $\frac{1}{8}\%$ fram til ársloka 1953, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. febrúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

16
22. febr.

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við staflíð d. í 1. gr. laganna komi:

Þó nær ákvæði þetta ekki til vaxta af skuldum við Byggingarsjóð í Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóð Íslands eða lánsstofnanir, sem koma kunna í þeirra stað.

2. gr.

Fyrsti og annar másl. 12. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er óðalsbónda að taka lán með veði í óðalinu, til húsabóta eða annarra varanlegra umbóta á jörðinni, í Byggingarsjóði Búnaðarbanka Íslands og Ræktunarsjóði Íslands, samkvæmt þeim reglum, er um slík lán gilda á hverjum tíma.

3. gr.

Staflíður a. í 26. gr. laganna orðist þannig:

Verið samfellt í ábúð eða eigu sömu ættar í 75 ár eða lengur og eru enn í eigu hennar, þegar lög þessi öðlast gildi. Þetta ákvæði tekur einnig jafnóðum til jarða, er fullnægja slíkum skilyrðum um eigu eða ábúð sömu ættar. Ábúð eða eignarumráð ekkils eða ekkju ættmanna þeirra, er setið hafa jörðina, telst með ábúðar- eða eignartíma ættarinnar.